

II.

Já, systir, þér er meir en mál að vakna
 og mál að slíta höft af særðum fæti
 og mál að heimta hærra, stærra sæti,
 að heimta jöfnuð—fullan réttarbæti.
 Já, mál úr fornu þrældómsroti' að rakna.

Þú veizt hinn sterki veikleik fyrirlítur,
 þú veizt að það er eðli grimmra dýra
 með öllum brögðum þeirra rétt að rýra
 já, ránkló jafnvel bera' að eigin hlýra,
 en sá er virtur, sem að hlekkinn brýtur.

Og minni þitt á þessum helga degi
 sé þúsund sinnum betra nokkru skjalli,
 sé þúsund radda brennheit bæn, er falli
 sem bára sterk að frelsisguðsins stalli,
 um höggvin bönd og hug að ryðja vegi.

Sig. Júl. Jóhannesson.



HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RÍTSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.